



Framkvæmda- fréttir

6. tbl. /09

Bundið slitlag í lok árs 2008

sjá kort á bls 4-5



Klæðing, yfirlögn. Öxnadalsheiði vestanverð 22. júní 2005.

Auglýsingar útboða

Yfirlagnir Suðvestursvæði 2009, „repave“ 09-023

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í malbiksyfirlagnir með repave-aðferð á Suðvestursvæði árið 2009.

Helstu magntölur:

Repave yfirlagnir 75.300 m²

Verki skal að fullu lokið 15. ágúst 2009.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 6. apríl 2008. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sama stað fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 21. apríl 2009 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

Yfirlagnir Suðvestursvæði 2009, malbik 09-023

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í yfirlagnir með malbiki á Suðvestursvæði árið 2009.

Helstu magntölur:

Malbik 115.500 tonn

Útlögn 81.700 m²

Hjólfarafylling 25.300 m²

Verki skal að fullu lokið 15. ágúst 2009.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 6. apríl 2009. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sama stað fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 21. apríl 2009 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 6. tbl. 17. árg. nr. 519 6. apríl 2009

Ritstjórn
og umsjón útgáfu:

Viktor Arnar

Ingólfsson

Ábyrgðarmaður:

Gunnar Gunnarsson

Prentun: Oddi

Ósk um áskrift sendist til:

Vegagerðin

Framkvæmdafréttir

Borgartúni 7

105 Reykjavík

eða með tölvupósti til:





vai@vegagerdin.is

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðsframkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útboð eru kynnt, útboðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttaeefni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur, fjölmiðlar og áhugafólk. Áskrift er endurgjaldslaus.

Capacent Gallup, viðhorfskönnun, vetur 2009

Vegagerðin lætur reglulega kanna viðhorf almennings gagnvart ýmsum þáttum í starfseminni. Nú hefur Capacent Gallup skilað skýrslu með niðurstöðum símakönnunar sem gerð var

11. til 25. febrúar 2009. Úrtakið var 1.600 manns af öllu landinu, 16-75 ára, handahófsvaldir úr þjóðskrá. Svarhlutfall var 50,8%.



Héðinsfjarðargöng

Gröftur Héðinsfjarðarganga: vika 12 vika 13 Heild
Frá Héðinsfirði til Ólafsfjarðar: greftri lokið 1.866 m
Frá Ólafsfirði til Héðinsfjarðar: 65 m 71 m 4.943 m
Samtals var búið að sprengja 10.478 m eða 99,1% af heildarlengd og eftir eru því 92 m.

Bolungarvíkurgöng

Gröftur Bolungarvíkurganga: vika 12 vika 13 Heild
Frá Hnífsdal: 51 m 54 m 1.282 m
Frá Bolungarvík: 52 m 44 m 1.340 m
Samtals var búið að sprengja 2.622 m eða 50,8% af heildarlengd.


Vefsíður

Á vefsíðu Vegagerðarinnar, vegagerdin.is, er að finna upplýsingar um þessar framkvæmdir í hliðarvalmynd undir „framkvæmdir“.




Staða framkvæmda við Héðinsfjarðargöng 30. mars. 2009. Sprengingum frá Siglufirði til Héðinsfjarðar lauk 21. mars 2008.

með snjómokstur á þjóðvegum?




yfirborðsmerkingar, þ.e. málun vera á þjóðvegum landsins?





Finnst þér hálkuvarnir á þjóðvegum landsins vera fullnægjandi eða ófullnægjandi?

Próun




Próun

Myndir þú segja að þú værir örugg(ur) eða óörugg(ur) þegar þú ekur um þjóðvegi landsins?





Bolungarvíkurgöng 30. mars. Lengd frá Bolungarvík 1.340 m, frá Hnífsdal 1.282 m. Samtals 2.622 m eða tæp 50,8% af heildarlengd.



Hætt var að sprengja frá Héðinsfirði í 1.866 m. Búið er að sprengja 4.943 m í Ólafsfirði. Samtals 10.478 m sem er 99,1%.

Bundið slitlag í árslok 2008





31.03.2009 VÍ

<u>169 km</u>	Bundið slitlag lagt 2008
<u>4.949 km</u>	Bundið slitlag í lok árs 2007
<u> </u>	Þjóðvegir með malarslittagi

Tvöföldun Suðurlandsvegur, áætlun um tilhöfun

Samgönguráðherra og vegamálastjóri hafa samþykkt tilhögun áætlunar um tvöföldun Suðurlandsvegur. Leiðin milli Reykjavíkur og Selfoss verður 2+2 vegur að undanteknum kafla í Svinahrauni og á Hellisheiði sem verður 2+1 vegur. Fyrsti hluti verkefnisins verður boðinn út síðar á árinu.

Þann 25. mars sl. kynntu Kristján L. Möller samgönguráðherra og Hreinn Haraldsson vegamálastjóri fulltrúum nokkurra sveitarstjórna á Suðurlandi og Samtaka sveitarfélaga á Suðurlandi tillögur og áætlanir um hvernig hagað verður tvöföldun Suðurlandsvegur. Meginhluti leiðarinnar verður 2+2 vegur en kaflinn milli Litlu kaffistofunnar og Kambabrúnar verður 2+1 vegur með aðskildum akstursstefnum þar sem vegbreidd er 15,5 metrar.

Þar sem Suðurlandsvegur er með 2+2 sniði verður þversnið hans breitt, með 11 metra miðjusvæði, sem er sams konar tilhögun og á Reykjanesbraut. Þar sem aðstæður eru þröngar, til dæmis á kafla við Rauðavatn, verður vegurinn með svokölluðu þröngu vegsniði, þ.e. með aðskildum akstursstefnum með

víravegriði og 2+2 kafla um Kamba verður einnig með þeirri tilhögun.

2+1 kaflinn milli Litlu kaffistofunnar og Kambabrúnar verður með víravegriði en breiðari en núverandi 2+1 kafla í Svinahrauni. Einnig stendur til að breikka þann 2+1 kafla um einn og hálfan metra, úr 14 metrum í 15,5.

Heildarkostnaður við verkið er áætlaður kringum 15,9 milljarðar króna. Til ráðstöfunar á þessu ári verður kringum einn milljarður og verður fyrst boðinn út tvöföldun kaflans milli Lögbergsbrekku og Litlu kaffistofunnar og síðan kafla næst Vesturlandsvegi.

Meðalumferð á dag er misjöfn um hina ýmsu kafla Suðurlandsvegur og ræður hún meðal annars ákvörðun um útfærslu vegarins og hvort vegamót eru mislæg, á hringtorgi eða í plani. Umferð næst höfuðborginni er tæplega 13 þúsund bílar en er komin niður í um 8 þúsund bíla við Lögbergsbrekku. Á kaflanum milli Lögbergsbrekku og Kambabrúnar er meðal dagsumferðin um 6.500 bílar og um 7.300 milli Hveragerðis og Selfoss.



Hringvegur (1) Suðurlandsvegur. Núverandi 2+1 kafla í Svinahrauni. Víravegrið aðskilur akstursstefnur.



Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar. Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdadeilda. Rautt númer = nýtt á lista

Fyrirhuguð útboð	Auglýst: dagur, mánuður, ár
09-006 Arnarnesvegur (411), Reykjanesbraut - Fífuhvamsvegur, eftirlit	09
09-007 Hringvegur (1), Hafravatnsvegur - Þingvallavegur	09
09-008 Hringvegur (1), Hafravatnsvegur - Þingvallavegur, eftirlit	09
09-016 Vetrarþjónusta Suðursvæði 2009-2014, uppsveitir Arnessýslu	09
09-017 Yfirlagnir Suðursvæði 2009, klæðingar	09
09-018 Yfirlagnir Suðursvæði 2009, malbik	09
09-019 Efnisvinnsla Suðursvæði 2009	09
09-020 Vetrarþjónusta Suðursvæði 2009-2014, Hellisheiði og Árborgarhringur	09
09-021 Brú á Hvítá á Bræðratunguvegi, eftirlit	09
09-014 Vetrarþjónusta á Snæfellsnesvegi 2009-2010, Vatnaleið - Ólafsvík	09
09-013 Vetrarþjónusta á Holtavörðuheiði 2009-2012	09
09-012 Yfirlagnir á Norðvestursvæði 2009-2010, vesturhluti	09
09-011 Yfirlagnir á Norðvestursvæði 2009-2010, norðurhluti	09
09-015 Vetrarþjónusta, Sauðárkrókur - Blönduós - Sauðárkrókur	09
09-010 Yfirlagnir á Norðaustursvæði 2009, norðurhluti, klæðing	09
09-001 Arnarnesvegur (411), Reykjanesbraut - Fífuhvamsvegur	09
09-009 Yfirlagnir á Norðaustursvæði 2009, austurhluti, klæðing	09

Auglýst útboð	Auglýst:	Opnað:
09-022 Yfirlagnir Suðvestursvæði 2009, malbik	06.04.09	21.04.09
09-022 Yfirlagnir Suðvestursvæði 2009, „repave“	06.04.09	21.04.09
09-005 Efnisvinnsla Norðvestursvæði, Bitrufjörður	23.03.09	07.04.09
08-009 Raufarhafnarvegur (874) Hófaskarðsleið - Flugvöllur	23.03.09	15.04.09
08-032 Bræðratunguvegur (359) Flúðir - Tungufljót	16.03.09	05.05.09
08-064 Álftanesvegur (415), Hafnarfjarðarvegur - Bessastaðavegur, eftirlit	16.03.09	31.03.09
08-034 Álftanesvegur (415), Hafnarfjarðarvegur - Bessastaðavegur	23.02.09	07.04.09

Útboð á samningaborði	Auglýst:	Opnað:
08-012 Norðausturvegur (85), Bunguflói - Vopnafjörður	02.02.09	24.03.09
08-022 Vestfjarðavegur (60), Þvera - Þingmannaá	02.02.09	24.02.09

Samningum lokið	Opnað:	Samið:
08-034 Rangárvallavegur (264), Hringvegur - Akurbrekka Þjótandi ehf.	26.01.09	10.02.09

Niðurstöður útboða

Norðausturvegur (85), Bunguflói – Vopnafjörður 08-012

Tilboð opnuð 24. mars 2009. Gerð Norðausturvegar, frá Bunguflóa að Vopnafirði og hluta Hofsárdalsvegar. Norðausturvegur verður um 30,4 km langur og liggur frá Bunguflóa, um Vesturárdal að þéttbýlinu á Vopnafirði. Hofsárdalsvegur (920), liggur frá nýja Norðausturveginum í Vesturárdal yfir að Árhvammi í Hofsárdal, og verður hann 6,8 km langur. Endurbæta þarf 0,85 km af Skógavegi (914) frá Vesturárdalsvegi vestur fyrir tengingu við Torfastaðaveg. Nýjar tengingar verða um 1,6 km að lengd.

Helstu magntölur eru:

Bergskering	15.400 m ³
Önnur skering	398.800 m ³
Fylling + sig	678.800 m ³
Fláafleygar	178.000 m ³
Ræsalögn	3.844 m
Endafrágangur ræsa	246 stk.
Neðra burðarlag	169.700 m ³
Efra burðarlag	62.000 m ³
Einföld klæðing	556.000 m ²

Lagningu slitlags á Norðausturveg skal lokið fyrir 15. ágúst 2011. Verkinu skal að fullu lokið fyrir 15. nóvember 2012.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávík (þús.kr.)
13 Verktakar Magni ehf., Kópavogi	2.763.243.000	192	2.025.064
12 Íslenskir aðalverktakar hf., Reykjavík	1.699.035.000	118,0	960.856
--- Áætlaður verktakakostnaður	1.440.210.000	100,0	702.031
11 Suðurverk hf., Kópavogi	1.345.541.390	93,4	607.362
10 Árni Helgason ehf., Ólafsfirði og G.V. Gröfur ehf., Akureyri	1.195.108.900	83,0	456.929
9 Ístak hf., Reykjavík	1.185.386.358	82,3	447.207
8 Héraðsverk ehf., Egilsstöðum	1.074.810.000	74,6	336.631
7 Ræktunarsamband Flóa og Skeiða ehf., Selfossi	979.551.000	68,0	241.372
6 Klæðning ehf., Hafnarfirði	949.000.000	65,9	210.821
5 Skagfirskir verktakar hf., Sauðárkróki	899.882.000	62,5	161.703
4 KNH ehf., Ísafirði	855.844.100	59,4	117.665
3 Ingileifur Jónsson ehf., Reykjavík	844.169.000	58,6	105.990
2 Háfell ehf., Reykjavík	739.691.500	51,4	1.512
1 Hektar ehf., Reykjavík	738.179.500	51,3	0